



Gjaldskrá
fyrir vatnsveitu Fjarðabyggðar
Gildir frá 1.1.2019

1.gr. Álagningarstuðull

Álagningarstuðull fyrir vatnsskatt er 0,258 % af húsmati fasteigna. Vatnsskattur er innheimtur bæði af húsmati heimila og fyrirtækja. Vatnsskattur er innheimur með fasteignargjöldum.

2.gr. Sala

Vatnsveita Fjarðabyggðar selur afnot af köldu vatni úr veitukerfi sínu samkvæmt gjaldskrá þessari.

3.gr. Notkunargjald

Fyrirtæki greiða notkunargjald auk vatnsgjalds, skv. lögum (7gr.laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004). Notkunargjald skal að jafnaði innheimta samkvæmt mæli sem Vatnsveita Fjarðabyggðar leggur til og er gjald fyrir mæli innifalið í fastagjaldi fyrir matseiningu. Mælar eru aðeins settir upp þar sem áætla má að vatnsnotkun sé mikil. Auk þessa er ákvæði í reglugerð um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 421/1992 sem heimilar innheimtu samkvæmt áætlun ef ekki er hægt að koma fyrir mælingu. Notkunargjald hjá Vatnsveitu Fjarðabyggðar er 41.1 kr/m³. Sala á köldu vatni er undanþegin virðisaukaskatti.

4.gr. Fastagjald

Fyrirtæki í Fjarðabyggð borga fastagjald vegna mælinga á notkunargjaldi.

Stærð mælis: Fastagjald í kr. á dag:

< = 40 mm 54,4 kr. á dag.

> 40 mm 108.8 kr. á dag.

5.gr. Stofngjald

Stofngjald vatnsveitu skal innheimt af öllum fasteignum sem tengdar eru vatnsveitu Fjarða-byggðar. Til að heimæð vatnsveitu fái skal vera búíð að tengja fasteign við fráveitu. Gjaldið skal innheimt við veitingu byggingarleyfis eða afhendingu heimæðar. Sama gjald skal greiða við endurnýjun heimæða sem ekki eru í eigu vatnsveitunnar.

6.1 Íbúðarhúsnæði, verslun og þjónusta, heimæð <= 40 mm	193.226 kr.
6.2 Iðnaðar- og atvinnuhúsnæði og/eða heimæð > 40 mm	345.467 kr.

6.gr. Einingarverð og gildistaka

Gjöld samkvæmt 5. gr. í gjaldskrá þessari taka breytingum mánaðarlega í samræmi við breytingu byggingarvísitölu í október 2018. Gjaldskrá þessi er sett fram með heimild í 10.gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og öðlast gildi 1. janúar.2019.

Fjarðabyggð 30. nóvember 2018



Karl Ottar Pétursson

bæjarstjóri



Samþykkt í eigna-, skipulags og umhverfisnefnd 22. október 2018
Samþykkt í bæjarráði 29. október 2018
Samþykkt í bæjarstjórn 1. nóvember 2018